



Til bæjarráðs


Kópavogi, 6. mars 2023
2303310/202.00 RH

Efni: Tillaga að skipulagsbreytingu við Hörðuvallaskóla

Inngangur

Hörðuvallaskóli er hverfissskóli fyrir Kórahverfið í Kópavogi og hóf starfsemi haustið 2006. Starfsemi skólans er í Baugakór 38, en þar eru nemendur í 1.-7. bekk, og í Vallakór 12, en þar eru nemendur í 8.-10. bekk.

Skólinn hefur vaxið hratt frá stofnun og í dag eru 861 nemendur í Hörðuvallaskóla skólaárið 2022/2023. Til samanburðar eru 657 nemendur í Kársnesskóla sem er næst stærsti skólinn í Kópavogi. Að meðaltali eru um 513 nemendur í hverjum grunnskóla í Kópavogi að undanskildum Hörðuvallaskóla. Tafla hér að neðan sýnir þróun nemendafjölda Hörðuvallaskóla.



Hörðuvallaskóli var stærsti grunnskóli landsins árið 2021, með yfir 150 nemendum fleiri heldur en Langholtsskóli sem var næst stærstur. Hér fyrir neðan má sjá fimm ára þróun á stærstu skólum á Íslandi árið 2021¹. Til samanburðar voru Víðistaðaskóli og Varmárskóli, en báðir skólanir eiga það sameiginlegt að þeim var skipt upp á árunum 2020 til 2021. Samkvæmt fundargerðum skóla og sveitarfélags var Víðistaðaskóla skipt upp vegna flækjustigs í rekstri þar sem skólinn stækkaði ört². Varmárskóla var skipt upp í tvo sjálfstæða skóla til að bæta faglegan og fjárhagslegan rekstur skólans³.

¹ <https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/grunnskolasig/>

² https://www.vidistadaskoli.is/media/2020-2021/3.-fundur-skolarads-5.12.2019_.pdf

³ <https://mos.is/stjornsysla/baejarstjorn-rad-og-nefndir/fundargerdir/p2PWj1pnmk61ETCN8b2MUg1>



Kostir við fjölmenna skóla liggja m.a. í stærðarhagkvæmni þar sem kostnaður per nemanda lækkar, tækifæri skapast til aukinnar samnýtingar s.s. á kennslutímamagni, hagkvæmni í innkaupum og nýtingar á húsnæði. Eftir því sem nemendum fjölgar er hins vegar hætt á að stærð skóla fari að hafa neikvæð áhrif á rekstur, skipulag skólastarfs og yfirsýn stjórnenda.

Ókostir við rekstur jafn fjölmennra skóla og Hörðuvallaskóla, sem jafnframt er í tveimur byggingum, er m.a. að skipulag skólastarfs s.s. stundatöflugerð og ráðstöfun kennslutímamagns verður afar yfirgripsmikil og flókin. Erfitt getur reynst að hafa góða yfirsýn yfir rekstur ásamt því að veita faglega forystu, viðhalda jákvæðum skólabrag, stuðla að árangursríku samstarfi og framþróun í skólastarfi og skipuleggja skilvirka verkaskiptingu starfsfólks og stjórnenda.

Nemendafjöldi Hörðuvallaskóla skólaárið 2022/2023:

Börn fædd	Bekkur	Hörðuvallaskóli
2016	1.	83
2015	2.	76
2014	3.	83
2013	4.	81
2012	5.	89
2011	6.	100
2010	7.	99
2009	8.	85
2008	9.	95
2007	10.	70
Fjöldi nemenda		861



Tillaga að skipulagsbreytingu

Lagt er til að Hörðuvallaskóla verði skipt upp í tvo sjálfstæða skóla. Markmiðið er m.a. að það leiði til markvissara skipulags skólastarfs, bæði faglega og fjárhagslega.

Skólinn starfar í tveimur aðskildum byggingum og því er lagt til að skipta skólanum í samræmi við núverandi skiptingu árganga milli skólabygginga, þá er 1.–7. bekkur eða 611 nemendur í Baugakór og 8.–10. bekkur eða 250 nemendur í Vallakór. Efnt verður til samkeppni meðal nemenda og foreldra um nafn á skólanum í Vallakór.

Tillaga að skiptingu skólaárið 2023/24:

	Bekkur	Hörðuvallaskóli	Vallakór	Samtals
2017	1.	54		54
2016	2.	83		83
2015	3.	76		76
2014	4.	83		83
2013	5.	81		81
2012	6.	89		89
2011	7.	100		100
2010	8.		99	99
2009	9.		85	85
2008	10.		95	95
Fjöldi nemenda		566	279	845
Sérdeild				

Hugmyndir um uppskiptingu skólans í tvo skóla hafa áður verið ræddar. Fram til þessa hefur starfsstöðin við Vallarkór hinsvegar verið mjög háð Baugakór hvað varðar húsnæði og ýmiss konar aðbúnað auk þess sem nemendur í Vallakór hafa ekki verið taldir nægilega margir til að grundvöllur skapaðist fyrir sjálfstæðan skóla þar. Um áramótin lauk framkvæmdum við viðbótarhúsnæði í kjallara Kórsins auk þess sem stórir árgangar eru að færast yfir og fyrirsjáanlegt að nemendur verði 280 Vallarkórsmeigin á næsta skólaári. Einnig er fullbúið eldhús til staðar í Vallarkór. Með þessari þróun hafa því skapast aðstæður til að skipta Hörðuvallaskóla upp í tvo sjálfstæða skóla.

Fagleg áhrif

Með því að skipta skólanum í tvo sjálfstæða skóla gefst tækifæri til að byggja upp enn öflugri skólabrag og skilvirkari stjórnun.



Nemendur og foreldrar

Áhrif skiptingar á nemendur og foreldra eru talin óveruleg. Í dag er skólanum skipt í tvennt, þar sem yngsta- og miðstig eru staðsett í Baugakór en elsta stig, 8. -10. bekkur, í Vallakór og því hefur skiptingin ekki áhrif á daglegt starf hjá nemendum. Lögð verður áhersla á samstarf milli skólanna til að tryggja samfellu í námi og starfi. Með fámennari skóla eru boðleiðir styttri og aðgengi betra fyrir nemendur og foreldra að stjórnendum. Í fámennari skóla fær hver nemandi sterkari rödd og tækifæri aukast til að efla enn frekar nemendalýðræði. Breytingarnar eru því til þess fallnar að skapa enn betri skólabrag.

Starfsfólk

Áhrif skiptingar á starfsfólk eru talin óveruleg. Flest starfsfólk skólans á í dag starfsstöð í annarri hvorri byggingunni og því verður skörun lítil. Stjórnendur skólans hafa metið áhrif skipulagsbreytinga á list- og verkgreinar, íþróttir og fleira. Líklegt er að í einhverju mæli geti komið til samnýtingar milli skóla við kennslu þeirra greina og verður það útfært í samstarfi við viðkomandi stjórnendur og kennara. Ljóst er að samstarf verður mikið milli skólanna.

Fjárhagsleg áhrif

Undanfarin ár hefur rekstur Hörðuvallaskóla verið umfram heimildir fjárhagsáætlunar.

04-220-Hörðuvallaskóli

	2023	2022	2021	2020	2019	2018
Fjárhagsáætlun	1.922.256.805	1.636.593.209	1.585.954.638	1.491.575.388	1.515.679.347	1.366.953.856
Upphæð		1.797.692.625	1.755.517.123	1.666.751.724	1.577.894.753	1.443.400.950
Mismunur		-161.099.416	-169.562.485	-175.176.336	-62.215.406	-76.447.094
Mismunur %		-9,8%	-10,7%	-11,7%	-4,1%	-5,6%

Þegar tekið hefur verið tillit til ýmissa frávika, t.a.m. veikinda starfsmanna, eru tækifæri til hagræðingar. Breytt skipulag hefur hins vegar minniháttar áhrif á fjárhagsáætlun sbr. neðangreind samantekt á úthlutuðum stöðugildum sem taka breytingum samhliða breyttu skipulagi.

Áætlaður heildarkostnaður:

	Breyting	Á ári	Haustönn 2023
Skólastjórar	1	18.000.000	8.052.632
Deildarstjórar	-1,93	-23.160.000	-10.361.053
Ritari	0,25	1.800.000	805.263
Húsvörður	0,5	5.280.000	2.362.105
Samtals		1.920.000	858.947



Stjórnendur Hörðuvallaskóla hafa tekið þátt í samráði og undirbúningi vegna þessara breytinga og á næstu vikum fer fram vinna við nánari útfærslu og skipulag næsta skólaárs miðað við tvo sjálfstæða skóla. Í þeirri vinnu verður samráð haft við skólaráð og stjórn foreldrafélags Hörðuvallaskóla og foreldrar verða upplýstir reglulega. Jafnframt verður leitast við að skapa nemendum tækifæri til þátttöku í mótun skólans og m.a. efnt til nafnasamkeppni meðal nemenda um heiti á nýja skólann við Vallarkór. Skóladagatal verður samræmt eins og kostur er og samvinna verður mikil milli skólanna. Stefnt er að því að stofna vinnuteymi starfsmanna og stjórnenda ásamt fulltrúa menntasviðs sem sameinast um að fylgja breytingunum úr hlaði.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar

